

Hugleiðingar um stöðu Lífeyrissjóðs verkfræðinga og aðgerðir stjórnar á árunum 2007 og 2008

Þorbergur Steinn Leifsson
21. september 2010

1. Inngangur

Mikil óánægja kom fram á aðalfundi Lífeyrissjóðs Verkfræðinga (LV) í vor, aðallega vegna skorts á upplýsingjagjöf frá stjórn, sem endaði með að vantrauststillaga á stjórn var samþykkt af fundinum. Óánægjan breyttist lítið þó stjórnin boðaði sjóðfélagafund 26. maí þar sem eini dagskrárliðurinn var „Ráðstafanir sjóðsins í aðdraganda og kjölfar hrunsins – afskriftir“. Alla heildarmynd vantaði og ekkert var til dæmis minnst á tap á hlutabréfum í hruninu, sem stjórnarformaðurinn hélt reyndar fram að væru innifaldar í afskriftunum. Ég sá mig því knúinn til að leita upplýsinga sjálfur um tap sjóðsins og ástæður þess, þar sem stjórn ætlaði greinilega ekki að veita sjóðfélögum þær.

Þær heimildir sem ég nota eru ársskýrslur sjóðsins sem eru á netinu, gögn um ársskýrslur lífeyrissjóða frá Fjármálaeftirlitinu (FME), skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis auk þess sem ég sendi nokkrar spurningar í tölvupósti til sjóðsins (LV) og FME. Því miður komst ég að ýmsum mikilvægum atriðum sem hvergi hefur verið getið í þeim upplýsingum sem stjórnin hefur birt sjóðfélögum. Tel ég nauðsynlegt að upplýsa sjóðfélaga um þessi atriði fyrir aukaáðalfund sem boðaður hefur verið 27. september n.k. og gefa stjórn kost á að skýra málin.

2. Hve miklu tapaði lífeyrissjóðurinn

Tafla 1 sýnir hreina eign og inn- og útgreiðslur úr sjóðnum árin 2008 og 2009. Vísitala neysluverðs sem hækkaði um 27% á tímabilinu er einnig gefin í töflunni (meðaltal ársins fyrir greiðslurnar sem dreifast yfir árið). Auðvelt er að reikna þá eign sem hefði átt að vera í sjóðinum miðað við 3,5% ávöxtun ofan á vísitölu neysluverðs, og er það rauða tala neðst í töflunni.

	Upphæð í milljónum	Vísitala neysluverðs
Eignir 31. des 2007	28 500	281,80
Iðgjöld 2008	2 269	307,68
Lífeyrisgreiðslur 2008	-359	307,68
Rekstrarkostnaður 2008	-114	307,68
Iðgjöld 2009	2 060	344,62
Lífeyrisgreiðslur 2009	-429	344,62
Rekstrarkostnaður 2009	-136	344,62
Eignir 31. des 2009 samkvæmt ársreikningi	28 281	357,90
Eignir ættu að vera 31. des 2009 m.v. 3,5% ávöxtun	42 554	357,90
Tap árin 2008 og 2009	14 273 eða 34%	357,90

Tafla 1 Hrein eign og inn og útgreiðslur úr LV árin 2008 og 2009

Tap sjóðsins er því rúmir 14 milljarðar eða þriðjungur sjóðsins. Þetta er þó ekki allt. Í lok árs 2009 var um 27% af eignum sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum og þá var gengi Evru 180 kr sem er ofmat. Ef erlenda eignin er metin miðað við gengi Evru 140 kr og bætt við þeim 279 milljónum sem þegar hefur verið bætt á afskriftarlistann (sbr sjóðfélagafund) er eign sjóðsins 2 milljörðum lægri eða aðeins 26,2 milljarðar **og tapið er þá 16,2 milljarðar eða 38%.**

Þessir reikningar eru í samræmi við það sem kemur fram í ársskýrslum sjóðsins en þar er gefið upp 31,3 % neikvæð raunávöxtun 2008 og 0,2% neikvæð raunávöxtun 2009. Þá á einungis eftir að bæta við 3,5% ávöxtun hvort ár sem reiknað er með í reiknigrunni sjóðsins og næst sjálfkrafa og nær áhættulaust með sjóðfélagalánum og bréfum ríkis, íbúðalánasjóðs og sveitafélaga. Þá kom einnig fram á síðasta aðalfundi að þó að réttindi allra sjóðfélaga hafi verið skert á síðasta ári um 10% vantar enn 30% uppá að sjóðurinn eigi fyrir áföllnum skuldbindingum, en sjóðurinn var nánast í jafnvægi í árslok 2007 (-3,7%). Skerðing réttinda þarf því að vera samtals um 40% til að jafna þetta tap út.

Þetta eru gífurlegar upphæðir fyrir sjóðfélaga sem búnir eru að borga lengi í sjóðinn. Sjálfur er ég t.d. búinn að borga í sjóðinn í tæp 30 ár af miðlungs verkfræðingslaunum og hefði verið búinn að ávinna mér um 350 000 í lífeyri (á verðlagi í dag með 3,5 % ávöxtun til 70 ára aldurs, án frekari greiðslna) ef engin skerðing hefði komið til. Vegna 40% skerðingar mun ég fá um 140 þúsund lægri lífeyri í hverjum einasta mánuði, eða 1,7 milljónir á ári. Ef ég næ svipuðum aldri og forfeður mínir þýðir þetta 34 milljón króna lægri lífeyrisgreiðslur til mín. Hjá mörgum sem borgað hafa lengur eða af hærri launum er tapið enn meira.

Ekki virðast allir gera sér grein fyrir alvarleika þessa máls. Ávarp stjórnarformanns LV í ársskýrslu fyrir árið 2008 hefst þannig:


“Árið 2008 var afar erfitt fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga eins og fyrir hagkerfið og íslensku þjóðina. Bankahrunið í október og afleiðingar þess ollu sjóðnum miklu tjóni sem tekur mörg ár að vinna upp.”

Hvernig stjórnarformaðurinn ætlar að vinna þetta tap upp á mörgum árum er mér hulin ráðgáta og gaman væri af hann fræddi sjóðfélaga á því.

3. Hvernig er tap LV samanborið við aðra lífeyrissjóði

Ég hef tekið saman tap 26 stærstu lífeyrissjóðanna samanlagt yfir árin 2008 og 2009 samkvæmt skýrslum FME og eru niðurstöður á mynd 1. Þar kemur fram að tap LV er meira en nokkurs annars sjóðs eða -31,7%. Vegið meðaltal fyrir alla sjóðina er um 21,8% tap þannig að tap lífsverk er um helmingi meira en annara sjóða að meðaltali. Margir sjóðir töpuðu sáralitlu árið 2008 t.d. Lífeyrissjóður bankamanna, enda gáfu erlendar eignir afbragðsávöxtun þetta ár. Við tapið sem sýnt er á mynd 1 ætti síðan að bæta 3,5% ávöxtun hvert ár eða um 7% samtals vegna þess að það er innbyggt í reiknigrundvöll sjóðanna. Þannig kemur út hátt í 40% tap fyrir LV.

Af um 16,2 milljarða tapi LV má því segja að um 4 til 5 milljarðar séu umfram það sem aðrir sjóðir töpuðu.



Mynd 1 Hrein raunávöxtun 26 stærstu lífeyrissjóða landsins árin 2008 og 2009

4. Hvernig skiptist tapið á mismunandi fjárfestingar

Á sjóðfélaga fundi 26. maí komu fram afskriftir sjóðsins, þ.e.a.s fyrstu þrjár línurnar í töflu 2. Í ársskýrslu fyrir árið 2008 í skýringu 6. segir “*Gengismunur innlendra hlutabréfa*” ...4 441 milljónir. Þetta túlka ég sem tap á hlutabréfum þar sem nær ekkert var selt á árinu. Þetta er afar athyglisvert þar sem innlend hlutabréfaeign sjóðsins í upphafi árs 2008 var 4 620 milljónir. Þannig virðist **90 til 95% af allri innlendri hlutabréfaeign sjóðsins hafa tapast á árinu**, sem ekki bendir til mikillar áhættudreifingar. Sundurliðað tap sjóðsins miðað við þær upplýsingar sem ég hef komist næst er því eins og sést í töflu 2.


	Milljónir kr
Afskriftir fyrirtækja	7 594
Erlendir skuldabréfavafningar	976
Gjaldmiðlasamningar	763
Tap á innlendum hlutabréfum	4 441
Töpuð ávöxtun hlutabréfa (3,5%+vísitala)	999
Samtals	14 773

Tafla 2 Sundurliðað tap LV árin 2008 til 2009

Afskriftirnar eru á verðlagi 31. mars 2010 en tapaðri ávöxtun hlutabréfa þarf að bæta við. Töpin samkvæmt töflu 2 virðast skýra allt tap sjóðsins sem er einkar athyglisvert þar sem erlendu eignirnar tvöfölduðust í verði vegna gengisbreytinga en það virðist engin áhrif hafa haft til að minnka tap sjóðsins af innlendu fjárfestingunum en það skýrist í næsta kafla.


5. Erlendar eignir sjóðsins

Vöruskiptajöfnuður er góður mælikvarði á hversu rétt eða rangt gengi gjaldmiðils er. Til lengri tíma verður hann að vera í jafnvægi. Mynd 2 sýnir vöruskiptajöfnuð á Íslandi árin 1990 til 2010 samkvæmt tölum frá Hagstofunni.



Mynd 2 Vöruskiptajöfnuður á Íslandi árin 1990 til 2010

Jafnvægi er lengst af í vöruskiptajöfnuðinum, en þó er hann nokkuð negatífur i netbólunni um aldarmótin en jákvæður í staðinn árið 2002. Á árunum eftir 2003 og einkum á og eftir árið 2005 verður mikil breyting þar á og gífurlegur vöruskiptajöfnuður hleðst upp samfelld mánuð eftir mánuð, allt fram að hruni. Skýringin á þessu er augljós ef gengi helstu viðskiptagjaldmiðla eru skoðað á mynd 3.



Mynd 3 Gengi Evru og US dollars og hlutabréfa í Kaupþingi frá aldamótum auk launavísitölu

Gengi erlendu gjaldmiðlana lækkar jafnt og þétt frá árinu 2002 og vöruskiptahallinn í takt. Á árinu 2007 og fyrsta fjórðungi ársins 2008 er gengi erlendra gjaldmiðla verulega lægra en það var 6 árum áður. Þetta gerist þrátt fyrir mun meiri verðbólgu Íslandi en í viðskiptalöndunum og allt að 70% hækkun launa hér á landi frá árinu 2001.

Þessi einföldu línurit sýna að það var aðeins tímaspursmál hvenær gengi krónunnar myndi snarlækka til að ná jöfnuði í vöruskiptum. Að það skyldi ekki gerast árið 2007 var í raun andstætt allri skynsemi og náttúrulegum. Það er óskyljanlegt að LV skyldi ekki flytja eignir úr ofmetinni íslenskri krónu yfir í erlendan gjaldeyri sem fékkst á útsölu allt þar til gengisaðlögunin byrjaði í mars árið 2008. Þvert á móti minnkaði stjórn lífeyrissjóðsins eignir í erlendum gjaldmiðli úr 29% af heildareign í um 26% á árinu 2007.

Það vekur enn meiri athygli að um leið og krónan hefur leiðrétst um hluta að hinu allt of háa gengi selur LV helming!!! af öllum erlendum hlutabréfum sjóðsins, eða eins og segir í ársskýrslu fyrir árið 2008:

„Seld voru erlend hlutabréf fyrir 3.612 mkr. og var andvirðið notað til að kaupa innlend skuldabréf og í innlán“

Og seinna í ársskýrslunni þegar fjallað er um frávík frá fjárfestinga stefnu sem samþykkt var á aðalfundi segir:

„Erlend hlutabréf voru mun minni en stefnan sagði til um og stafaði það af því að sjóðurinn seldi tæpan helming af erlendri hlutabréfaeign sinni í mars 2008 vegna óvissu á erlendum mörkuðum“

Krónan byrjaði að falla 7. mars og féll mest 17. og 18. mars, síðan koma páskar þannig að það voru bara 6 virkir dagar eftir til mánaðamóta. Á þessum tíma tekst stjórninni að selja helming af öllum erlendum hlutabréfum sjóðsins, sem hefur tekið áratugi að kaupa.

Ástæðan sem stjórnin gefur fyrir þessari skyndilegu gríðarlegu sölu vekur furðu. Þegar bankakreppan er að byrja erlendis ákveður stjórnin að færa eignir úr stóra alþjóða fjármálakerfinu yfir í minnsta hagkerfið með örmynt þar sem reynslulaust bankakerfið hafði þanist út og Seðlabankinn hefði engan mátt til að styðja, og þjóðin safnað meiri skuldum erlendis en annarsstaðar þekktist. Einhvern veginn finnst mér að það þveröfuga hefði átt að vera eðlilegra vegna óvissunnar. Það er auðvelt að vera vitur eftirá, og auðvitað kunna að vera á þessu eðlilegar skýringar en stjórnin verður þá að upplýsa sjóðfélaga um þær.

Þegar búið var að selja helming erlendu hlutabréfanna, hefði maður gert ráð fyrir að bestu bréfin hefðu verið skilin eftir, en svo enn sé vitnað í ársskýrsluna 2008.

„Erlend hlutabréf lækkuðu að meðaltali í verði um 50% á erlendum mörkuðum en gengislækkun krónunnar dró verulega úr neikvæðri ávöxtun erlendra verðbréfa“

Þetta er athyglisverð niðurstaða þar sem erlendar hlutabréfavísitölur féllu aðeins um 30 til 40% á árinu (Dow Jones 33,8%, FTSE-100, 31,3%). Þetta kallar á skýringu frá stjórn LV.

Ef stjórn LV hefði leyft þessum hlutabréfum að vera í friði hefðu þessir 3,6 milljarðar hækkað verulega vegna gengislækkunnar krónunnar í stað þess að verða að engu, eftir að hafa verið breytt í íslensk bankabréf. Þessi eina ákvörðun stjórnarinnar skýrir því sennilega um fjórðung af heildartapi sjóðsins. Það vekur því athygli að ekki er minnst á þessa aðgerð þegar stjórnin telur upp í 6 liðum helstu aðgerðir stjórnar í aðdraganda hrunsins á sjóðfélagafundinum í maí.

6. Kaup LV á skuldatryggingum bankanna

Þann 25. mars 2008 (þriðjudag eftir páska, rétt eftir fyrsta fall krónunnar) afhenti LV fyrir milligöngu Landsbankans, Svissneska bankanum UBS AG einn milljarð af eignum sjóðsins gegn því að bankinn borgaði 10,7 % álag á REIBOR vexti. Ef Landsbankinn, Kaupping eða Glitnir færu á hausinn eða skuldatryggingarálagið á þá hækkaði eða krónan veiktist mætti Svissneski bankinn eiga milljarðinn. Ef staða Landsbankans veiktist gat UBS krafist meiri peninga. Þessi milljarður var tapaður í september 2008 og þá lagði sjóðurinn 1,5 milljarða til viðbótar á spilaborðið til að fá að vera með lengur. Þessir 2,5 milljarðar töpuðust síðan allir aðeins örfáum dögum seinna.

Ég veit að það eru væntanlega fáir sem trúa ofangreindu enda er ekki minnst á þetta í gögnum LV sem eru sjóðfélögum aðgengileg. Um þetta ótrúlega mál má hinsvegar lesa í 2. bindi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis á blaðsíðu 23 til 25. Þarna var sjóðurinn samkvæmt rannsóknarskýrslunni við spilaborðið við hliðina á Jakobi Valgeir Flosasyni sem þó eins og í Stím málinu fræga fékk allt spilaféð lánað hjá Landsbankanum, og þurfti því ekki að hætta neinu fé. Lífeyrissjóðurinn lagði hinsvegar fram alvöru peninga 2,5 milljarða, sennilega nálægt 10% af öllum greiðslum verkfræðinga í sjóðinn frá stofnun hans árið 1954, til þess að tryggja hagsmuni Svissneska bankans gagnvart þeim íslensku, og hjálpa þannig til að framlengja líf þeirra um nokkra mánuði.

Þessi ótrúlegi gerningur stjórnarinnar er gersamlega glórulaus. Hreint fjárhættuspil þar sem meira að segja er veðjað gegn allri heilbrigði skynsemi. Hvaða upplýsingar hafði stjórn lífeyrissjóðsins sem hinn reyndi Svissneski banki hafði ekki um Íslensku bankana sem sögðust starfa í alþjóðlegu fjárfestingarumhverfi. Hvernig datt 5 stjórnarmönnum LV í hug að þeir vissu betur en markaðurinn. Það verða þeir að upplýsa sjóðfélaga um.

Það vakti athygli mína að í neðanmálsgrein á síðu 25 segir í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.

38). Þess ber að geta að Lífeyrissjóður verkfræðinga minnkaði eign sína í hlutabréfum bankanna í mars og apríl (2008)

Í ársskýrslu LV fyrir árið 2008 segir hinsvegar á bls 5.

Hvorki var keypt né selt í innlendum hlutabréfum á árinu.

Annaðhvort er ekki rétt. Þetta misræmi verður sjóðstjórnin að skýra.

Á þessum sama tíma seldi sjóðurinn hinsvegar helminginn af öllum erlendum hlutabréfum sínum. Það skyldi þó ekki óvart leynast hálf sannleikur í neðanmálsgrein 38 í Rannsóknarskýrslunni. Mig grunar, án þess að hafa fyrir því nein rök, að erlendu hlutabréfin sem féllu nær helmingi meira en erlend hlutabréf almennt hafi í raun ekki verið erlend heldur að miklum hluta hlutabréf félaga í eigu íslensku bankanna sem skráð voru erlendis. Þessu ætti þó að vera hægt að komast að.

Ég sendi fyrirspurn til FME hvort lífeyrissjóðum hafi verið heimilt að kaupa skuldatryggingar, og fékk eftirfarandi svar.

“Varðandi spurningu þína um hvort lífeyrissjóðum var að mati FME heimilt að kaupa skuldatryggingar fyrir bankahrun þá er því til að svara að þetta er almennt ekki heimilt því skuldatrygging ein og sér verður vart flokkuð sem annað en afleiða og skv. 10. tölul. 36. gr. laga nr. 129/1997 er lífeyrissjóðum aðeins heimilt að fjárfesta í afleiðusamningum sem draga úr áhættu sjóðsins.

Ef lífeyrissjóðir fjárfesta í skuldatryggingum, verða þeir því að geta sýnt fram á að það sé til þess fallið að draga úr áhættu sjóðsins”

Ég benti síðan FME á umfjöllunina í Rannsóknarskýrslunni og spurði hvort FME hefði tekið afstöðu til þeirra viðskipta, og fékk þá eftirfarandi svar.

Fjármálaeftirlitinu er kunnugt um þau viðskipti sem vísað er til en getur ekki upplýst hvort eða með hvaða hætti það hefur tekið afstöðu til þeirra.

Ef FME teldi þetta lögmæt viðskipti hefði það væntanlega upplýst það. Þessi viðskipti er því að öllum líkindum ólögleg, enda augljóst af lestri laga um lífeyrissjóði. Þessi hugsanlegu lögbrot stjórnar LV kostuðu sjóðfélaga 2,5 milljarða. Stjórnin hlýtur að hafa einhverjar skýringar á þessu máli, en að ekki skuli minnst á þennan einstæða gjörning í ársskýrslunni vekur illar grunsemdir. Sennilega hefur aldrei í Íslandssöggunni ein ákvörðun 5 manna valdið öðrum mönnum jafn miklu tjóni á jafn stuttum tíma.

Þessir 6 dagar í mars 2008 eru afdrifaríkir fyrir sjóðinn. Blikur eru á lofti í alþjóða fjármálaheiminum og gengi íslensku krónunnar tekur að falla. Þá ákveður stjórn LV að selja helming erlendra hlutabréfa fyrir 3,6 milljarða og kaupir þann 25. mars skuldatryggingar á þá banka sem allir töldu veikustu banka fjármálaheimsins fyrir milljarð og 26 mars leggur stjórnin Glitni til 100 milljónir með **víkjandi** skuldabréfi. Í stað þess að dreifa áhættunni enn frekar eru fleiri egg sett í stærstu körfuna og tryggingar minnkaðar með víkjandi skuldabréfum. Allt ber þetta merki þess að verið sé að hugsa um hag einhverra annara en sjóðfélaga, en stjórnin á væntanlega ekki í erfiðleikum með að skýra þetta.

7. Gjaldmiðlasamningar

Sjóðurinn tapaði 763 milljónum króna á gjaldmiðlasamningi við Landsbankann. Þessa upphæð þurfti sjóðurinn að borga Landsbankanum vegna falls krónunnar við hrunið. Nær allir aðrir lífeyrissjóðir áttu innistæður eða skuldabréf í þeim bönkum sem þeir gerðu gjaldmiðlasamninga við og gátu því skuldajafnað og urðu því fyrir miklu minnna tapi. Um þetta segir stjórnarformaður LV í ársskýrslunni fyrir árið 2008

“Fulyrða má að vart hafi nokkur lífeyrissjóður haft mögulega skuldajöfnun í huga þegar gjaldmiðlasamningar voru gerðir. Það má telja hreina óheppni að skuldajöfnun nýtist Lífeyrissjóði verkfræðinga verr en flestum hinna.”

Stjórn LV var kosin til að tryggja og ávaxta eignir félagsmanna. Það getur því aldrei talist óheppni að huga ekki að öllu því er getur tryggt hagsmuni sjóðsins.

Það er hinsvegar annað mál að það er alger óþarfi hjá lífeyrissjóði að kaupa gjaldmiðlavarnir, þegar stór hluti eigna sjóðsins er í erlendum eignum. Lífeyrisþeginn eyðir stórum hluta lífeyrisgreiðslna sinna í erlendum gjaldeyri vegna dvala og ferðalaga erlendis og kaupa á erlendri vöru. Það skiptir hann því litlu máli hvernig hlutfall gengisins er, ef eignir sjóðsins eru í svipuðum hlutföllum. Ef gengi krónunnar lækkar hækkar erlenda eign hans samsvarandi og öfugt. Enginn græðir á gjaldmiðlavörnum til langs tíma nema bankinn sem selur þær. Gjaldmiðlavarnir eru nauðsynlegar fyrir fyrirtæki sem hafa tekjur í annari mynt en gjöld.

Ef stjórnendur lífeyrissjóða telja gengi einhvers gjaldmiðils ofmetinn eiga þeir að flytja eignir úr þeim gjaldmiðli í gjaldmiðil sem talin er vanmetinn. Þannig er langtímaávöxtun lífeyrissjóðs best tryggð. Gjaldmiðlavarnir er skammtíma áhættufjárfesting sem samræmist ekki tilgangi lífeyrissjóða. Þar sem stjórnendur lífeyrissjóða láta greinilega bankamenn plata sig í slíkt brask væri eðlilegast að þetta væri í framtíðinni bannað í lögum um lífeyrissjóði. Þangað til er rétt að LV setji í sínar samþykktir að sjóðnum sé ekki heimilt að kaupa gjaldmiðlavarnir.

Samkvæmt FME eru gjaldmiðlavarnir afleiður sem minnka áhættu sjóðsins ef hann á eign í sömu mynnt og því löglegar.

8. Skuldabréf ríkisins íbúðalánasjóðs og sveitarfélaga

Í lok árs 2007 voru 25% af eignum allra lífeyrissjóða landsins í skuldabréfum ríkisins, íbúðarlánasjóðs og sveitarfélaga. Hjá LV var þetta hlutfall hinsvegar aðeins 2%. Þarna sker LV sig algerlega úr öðrum sjóðum og þessa sérstöðu verður stjórn sjóðsins að útskýra fyrir sjóðfélögum. Þessi vöntun á öruggum eignum hlýtur að hafa átt að leiða til þess að stjórnin hugði enn betur að áhættudreifingu og tryggingum annarra eigna.

9. Erlendir skuldabréfavafningar

Fram kom á sjóðfélagafundinum að sjóðurinn tapaði á árinu 2009 alls 976 mkr á erlendum skuldabréfavafningum sem keyptir voru á árinu 2003 og 2006. Engar frekari upplýsingar hafa verið gefnar sjóðfélögum td. hversu miklum fjárhæðum var varið til kaupa á þessum vafningum og því hve tapið er mikið hlutfallslega. Hér þarf frekari skýringar. Hvað á stjórnin við með eftirfarandi ummálum í ársskýrslunni. „*Reynsla okkar af milligöngu viðskiptabankanna í þessum viðskiptum er ekki góð*“.

10. Hlutabréf bankanna

Á gögnum frá kynningarfundum lífeyrissjóðsins að engjarteig 19, nóvember um 1,5 mánuðum eftir hrun segir.

„*Eignir sem eru klárlega tapaðar að fullu, þ.e. hlutabréf bankanna og víkjandi skuldabréf þeirra, nema um 4% af heildareignum*“.

Þetta gerir um 1,3 milljarða. Síðan kemur í ljós að 4,4 milljarðar eða þrefalt hærri upphæð tapaðist vegna innlendra hlutabréfa. Eitthvað virðist bogið við hlutabréfaeign sjóðsins í bönkunum við hrunið, og stjórnin hefur ekki viljað upplýsa mig um hvaða hlutabréf töpuðust í hruninu þó það ætti að vera einfalt mál. Þessum 4,4 milljörðum gleymdi stjórnin líka að gera sjóðfélögum grein fyrir á fundinum í maí sl.

Það vekur furðu af hverju stjórnin seldi ekki hlutabréfin í bönkunum fyrir hrun, t.d. þegar stjórnin lagði 1,5 milljarð til viðbótar í skuldatryggingarnar á bankana í september. Sjóðurinn átti 1,8 milljarða í hlutabréfum í Kaupþingi sem höfðu ekkert fallið allt árið 2008.

Hafði stjórnin gert samkomulag við bankana um að selja ekki hlutabréf þeirra þar sem það myndi valda verðfalli? Sé þessi grunsemd rétt er þetta markaðsmisnotkun og alvarlegt mál fyrir stjórnina.

11. Kaupþing

Í 36. gr laga um lífeyrissjóði segir.

„*Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins.*“

Samkvæmt upplýsingum sjóðsins eru kröfur á þrotabú Kaupþings um 880 milljónir og 10,4 milljónir evra eða samtals um 2,4 milljarðar miðað við gengi Evru 150 kr. Síðan átti sjóðurinn um 1,8 milljarða í hlutabréfum Kaupþings í byrjun árs 2008 og eins og mynd 3 sýnir féllu þau lítið fram að hruni. Heildareign sjóðsins í Kaupþingi einu hefur því verið a.m.k. 4,2 milljarðar eða um 13% af heildareign sjóðsins sem hefur í mesta lagi verið 32 milljarðar við hrun. Þetta er því brot á lögum og er þá ekki einu sinni tekið tillit til tengdra aðila eins og Existu og Bakkavarar þar sem sjóðurinn átti sennilega milljarð, meðal annars **víkjandi skuldabréf á Existu** fyrir á annað hundrað milljónir.

12. Fjárfestingarnefnd

Hver er ábyrgur fyrir fjárfestingum sjóðsins. Í ársskýrslu LV fyrir árið 2007 þ.e.a.s síðasta ár fyrir hrun segir:

„Stjórn sjóðsins hefur tekið virkan þátt í mótun og framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sérstakur fjárfestingarfundur var haldinn með stjórn og varastjórn á síðasta ári, til viðbótar við almenna stjórnarfund. Formaður og varaformaður stjórnar, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sjóðsins sitja í fjárfestingarráði sem kemur saman reglulega til þess að fara yfir fjárfestingarmál.“

Þarna er stjórnin greinilega að vekja athygli á því að hún taki virkan þátt í mótun fjárfestingarstefnunnar. Ekkert er hins vegar minnst á fjárfestingarráðið í skýrslunni 2008 og aðspurður sagði stjórnarformaður að það hefði verið lagt niður í október 2008, rétt eftir hrun.

13. Samantekt og niðurstöður

Þessi samantekt vekur margar áleitnar spurningar um ákvarðanir stjórnar LV árin 2007 og 2008. Margar eru eflaust á misskilningi byggðar og eiga sér eðlilegar skýringar þegar allar upplýsingar koma fram. Í einu hefur stjórnin þó algerlega brugðist en það er að upplýsa sjóðfélaga. Þegar 40% sjóðsins hverfa, miklu meira en í öðrum sjóðum, þarf að skýra alla þá atburði sem því valda með því að upplýsa og skýra allar ákvarðanir skerf fyrir skref. Staðlaðar ársskýrslur nægja ekki við slíkar hamfarir.

Mínar niðurstöður eftir skoðun þeirra takmörkuðu upplýsingar sem ég gat aflað mér er að stjórn LV hafi verið verkfæri í höndum íslensku bankamannanna. Nær allar stefnumótandi ákvarðanir virðast hafa verið teknar (meðvitað eða ómeðvitað) til að tryggja hagsmuni bankanna og framlengja líf þeirra á kostnað sjóðfélaga. Því var ekki fjárfest erlendis árið 2007, þegar gjaldeyrir var á útsölu? Því var helmingur erlendra hlutabréfa seldur í skyndi í mars 2008, og keyptar skuldatryggingar og víkjandi skuldabréf á bankana? Því var tap af erlendum hlutabréfum miklu meira en erlendar hlutabréfavísitölur sýna? Því voru hlutabréf í bönkunum ekki seld? Því voru keyptar gjaldmiðlavarnir af bönkunum? Hélt stjórnin virkilega að gengisleiðréttingin myndi ganga til baka? Því var ekkert fjárfest í tryggu ríkisbréfum eins og allir aðrir sjóðir gerðu?

Var stjórnin blekkd af bankamönnunum, var henni mútað eða var hún svo bláeygð að hún gerði sér ekki grein fyrir að verið var að misnota sjóðinn, eða voru þetta kannski allt eðlilegar ráðstafanir miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu á þeim tíma.

Stjórnarformaður kvaðst eftir spurningu mína á aðalfundinum ekki hafa þegið fé eða boðsferðir af bankamönnum, en það hefðu hinsvegar framkvæmdastjóri og fjármálastjóri, sem báðir sitja í fjárfestingarráði gert. Hafi stjórnin ekki sett framkvæmdarstjóra og fjármálastjóra þær starfsreglur að þeim sé óheimilt að þiggja fé frá þeim aðilum sem verið er að kaupa fjárfestingar af er það alvarleg afglöpp af hennar hálfu.

Brýna nauðsyn ber til að rannsaka alla starfsemi sjóðsins árin 2007 og 2008. Best er að ný stjórn sem hefur hvergi komið nálægt sjóðnum eða bankakerfinu undanfarin ár geri það. Það er nauðsynlegt til að læra af þeim mistökum sem voru gerð. Hafi stjórnin verið blekkd, verður að kanna grundvöll málaferla til að reyna að endurheimta hluta tapsins. Það eru þó miklar líkur til að sjóðurinn muni aldrei bera sitt barr eftir þetta. Sjálfur hafði ég mikla trú á sjóðinum enda með beint sjóðfélagalýðræði nær einn allra sjóða, bestu reglugerð, en samt fer hann verst allra sjóða út úr bankahruninu.

Að lokum hvet ég sem flesta til að mæta á aukaaðalfund sjóðsins sem boðaður hefur verið 27. sept. nk.